



Fréttabréf Brekkuskóla

4. desember 2008
3. tbl. skólaárið 2008 - 2009
Ábyrgðamaður Bergþóra Þórhallsdóttir

Nú er einum þriðja skólaársins lokið og framundan er tími ljóssins. Ýmis verkefni hafa verið í gangi í skólafarfinu. Má þar nefna Comeniusarverkefni sem er samstarfsverkefni nokkurra Evrópuþjóða um mat og matarmenningu þjóðanna. 6. bekkingar unnu kynningu á Íslandi og bænum okkar, Akureyri, sem þeir kennarar skólans fóru með í farteskinu til Þýskalands nú nýverið til að styrkja tengsl skólanna. Nemendur voru mjög áhugasamir um verkefnið og þótti kennurum erlendis þau hafa unnið mjög gott verk.

Vefsíða verkefnisins er www.brekkuskoli.is/comenius en þar má meðal annars finna upplýsingar um niðurstöður matarkönnunar sem kennarar gerðu meðal nemenda í 5. - 10. bekk.

Á bókasafni skólans er sýning á verkum 9. bekkinga á Djöflaeyjunni. Hvetjum við foreldra að líta við og sjá afraksturinn.

Nokkrir bekkir fara á Minjasafnið og Amtsbókasafnið nú á aðventunni þar sem boðið er upp á stutta dagskrá fyrir nemendur.

Í skólafarfinu er í mörg horn að líta og höfum við meðal annars verið að endurskipuleggja í matsalnum. Dúkar eru komnir á borðin til að minnka hávaða, afgreiðslustöð hefur verið breytt og 7. bekkingar aðstoða í matsal þegar nemendur í 1. bekk eru að borða með því að sitja hjá þeim til borðs og vera þeim innan handar ef með þarf.

Starfsfólk hefur fengið tvær kynningar á uppbyggingu sjálfsaga og er farið að prófa sig áfram inni í bekkjunum. Kennarar velja því fyrir sér með nemendum hvernig besti bekkurinn er og gera jafnvel með sér bekkjarsáttmála. Næsta skref er að skoða hin ýmsu hlutverk sem hver og einn hefur í skólafarfinu. Rætt er hvert hlutverk kennarans er, hvert hlutverk nemandans er o.s.frv. Á sama hátt er rætt hvert hlutverk kennarans er ekki og hvert hlutverk nemandans er ekki o.s.frv. Nánari umfjöllun um uppbyggingarstefnuna er hér aftar í blaðinu.

Undanfarið höfum við dustað rykið af eineltisverkefni Olweusar. Starfsfólk hefur fundað reglulega einu sinni í mánuði og nú síðast var eftirlitskerfið ígrundað. Rætt var um hvernig við greinum vandann og hvaða viðbrögðum eða tækni er best að beita þegar grunur um einelti vaknar. Næsta verkefni er að sýna nemendum myndbönd/myndskeið og því fylgja eftir með umræðum.

1. og 2. bekkur byrjaði aðventuna á söng í kirkjutröppunum ásamt jafnöldrum sínum úr öðrum skólum bæjarins. Tilefnið var fullveldisafmæli okkar Íslendinga 1. desember. Skemmtileg uppákoma og frábært að sjá og heyra krakkana syngja hástöfum falleg lög og ljóð eftir okkar ástsælu tónskáld.



Megi aðventan vera ykkur ánægjuleg!
Bergþóra Þórhallsdóttir aðstoðarskólaflokkari

Framundan...

4. desember

Ball hjá 1. - 4. bekk kl. 16-18

5. desember

Morgunmóttaka hjá 3. bekk

9. - 12. desember

Jólaþema hjá 5. - 7. bekk
Prófdagur hjá 8. - 10. bekk

12. desember

Morgunmóttaka hjá 5. - 7. bekk
Prófdagur hjá 8. - 10. bekk

15. desember

Prófdagur hjá 8. - 10. bekk

16. desember

Prófdagur hjá 8. - 10. bekk
Ball hjá 5. - 7. bekk kl. 17 - 19:30

19. desember

Litlu jólin - jólafrí hefst

5. janúar

Starfsdagur kennara

6. janúar

Nemendur mæta eftir jólafrí
samkvæmt stundaskrá

6. - 13. janúar

Leiðsagnarmat í mentor

14. janúar

Viðtöl



Brekkuskóli

v/Skólastíg
600 Akureyri
sími 462-2525
www.brek.kuskoli.is
brekkuskoli@akureyri.is



Litlu jólin 19. desember 2008

Frístund opnar kl.08:00 fyrir þá nemendur sem þar eru skráðir.



Nemendur í 2., 4., 6. og 8. bekk mæta klukkan 08:00 í heimastofur

Klukkan 09:00 eiga allir að vera mættir á sal skólans, þar sem verður dansað í kringum jólatré. Skóladegi lýkur klukkan 10:00 og Frístund opnar þá fyrir nemendur sem þar eru skráðir.



Nemendur í 3., 7. og 9. bekk mæta klukkan 09:00 í heimastofur

Klukkan 10:00 eiga allir að vera mættir á sal skólans, þar sem dansað verður í kringum jólatré. Skóladegi lýkur um klukkan 11:00 og Frístund verður opin fyrir þá nemendur sem þar eru skráðir.



Nemendur í 1., 5. og 10. bekk mæta klukkan 10:00 í heimastofur

Klukkan 11:00 eiga allir að vera mættir á sal skólans, þar sem dansað verður í kringum jólatré. Skóladegi lýkur um klukkan 12:00

Frístund verður opin fyrir þá nemendur sem þar eru skráðir.



Eftir þennan dag eru nemendur komnir í jólafrí og mæta aftur í skólann þriðjudaginn 6.janúar 2009 samkvæmt stundaskrá. Viðtalsdagur verður miðvikudaginn 14. janúar 2009 og verða boð send foreldrum á fyrsta skóladegi á nýju ári.

Naustaskóli - forskráning

Þeir foreldrar sem áforma að senda börn sín í Naustaskóla eru beðnir um að skrá nemendur sína í svokallaða forskráningu á www.naustaskoli.is Nánari upplýsingar má finna á síðunni.

Hér að neðan birtast niðurstöður Brekkuskóla í verkefnavinnu sem unnin var í tengslum við forvarnardaginn. Verkefnið var unnið af nemendum í 9. bekk. Bekkjardeildirnar eru þrjár og eitt svar var valið frá hverri deild við spurningunum.

Umræðuefni: Samvera

a) Hvað mynduð þið vilja gera oftar með fjölskyldunni?

- Spilakvöld, ferðast, kósíkvöld, ákveða t.d. eitt fjölskyldukvöld í viku, baka, útivist, versla saman, spjallkvöld.
- Fara til útlanda, ferðast, spila, fá ís.
- Fara til útlanda, fara í sumarbústað eða eitthvað frí. Velja einhver sérstakan dag til að hittast og spila eða horfa á mynd eða annað (fara í ísbúðina Brynju, keilu o.fl.)

b) Af hverju ætti fjölskyldan að verja sem mestum tíma saman að þínu álit?

- Til þess að kynnast hvert öðru betur og vera nán.
- Styrkja tengsl og forðast fíkniefni og áfengi.
- Þá byrjar maður seinna að drekka, reykja og neyta fíkniefna.
- Svo að fjölskyldan verði nánari og maður verði öruggari í samfélaginu. Það hindrar fíkniefnaneyslu. Svo maður geti treyst foreldrum sínum.

c) Hvað getið þið gert til að vera meira með fjölskyldunni?

- Hætta að horfa á sitt hvort sjónvarpið og vera saman. Elda oftar saman.
- Ákveða kvöld sem allir ætla að vera saman heima. Tala við foreldrana, biðja þau að kaupa eitthvað gott og hafa kósíkvöld.
- Minnka tölvunotkun og borða saman á matartímum og vera meira heima. Tala meira við foreldrana og stinga upp á hlutum til að gera saman.



MUNIÐ HAFRAGRAUTINN ALLA MORGNA!

Hafragrautur er borinn fram í matsal Brekkuskóla alla skóladaga kl.07:45—07:58

Hugmynd að innihaldi samverustunda fjölskyldunnar - í anda uppbyggingar

Undirstöður uppbyggingarstefnunnar hafa verið í umræðunni hér í skólastarfinu og hvernig við getum unnið með þær inni í bekkjum og í starfsmannahópnum. Það er mikilvægt að foreldrar og aðrir sem koma að börnunum viti hvað við erum að leiðbeina börnunum með og ætlum við með þessum pistli að byggja þannig upp þekkingu heima á hugmyndafræðinni. Því er gott að nýta fréttabréf skólans til að miðla. Í þessu fréttabréfi ætlum við að ræða um grunnildi stefnunnar.

Uppbyggingarstefnan er miðuð við lífsgildi, ekki reglur. Til að skilja þetta er nauðsynlegt að draga fram í dagsljósið fjögur megin atriði hennar.

- Sá sem ég vil vera
- Sannfæring mín um mikilvæg lífsgildi
- Óskráður sáttmáli sem ég hef gert við það fólk sem er mér mikilvægt
- Fimm grundvallarþarfir sem ég get sinnt og þarf að sinna

Ef foreldrar vilja nýta þessa hugmyndafræði heima koma hér örstuttar leiðbeiningar:

Þú getur byrjað á hvaða þætti sem er.

Skrifið saman upp hvaða reglur gilda í fjölskyldunni. Ræðið og finnið saman hvaða lífsgildi liggja að baki reglunum. Af hverju er þessi regla? Með öðrum orðum - breytið reglum í lífsgildi. Gerið sáttmála sem samanstendur af lífsgildum.

Dæmi um óskráðar reglur geta verið:

Vera vingjarnlegur
Virða eignir annarra
Leysa mál í friðsemi
Segja mömmu hvert þú ætlar
Leika hljóðlega
Laga til í herberginu

Þegar við breytum reglunum yfir í lífsgildi ræðum við hvers vegna við þurfum að segja mömmu hvert við ætlum. Lífsgildið getur verið "öryggi"

Annað dæmi er að taka til í herberginu - "tillitsemi" "hjálpsemi" o.s.frv.

Til undirstrikunar má síðan hengja upp myndir af fjölskyldumeðlimum og skrá hjá myndinni þau lífsgildi sem fjölskyldan hefur að leiðarljósi.

Þarfahringurinn og þarfirnar - kynning

Við höfum öll grundvallarþarfir sem við stjórnunumst oft af og ráða því hvernig við hegðum okkur.

Dæmi um þarfir:


Öryggi - Fæði, skjól, öryggi...

Tilheyra - Vinátta, þykja vænt um, ást...

Áhrif - mikilvægi, virðing, hæfni, geta...

Gleði - ánægja, njóta, skemmta sér, læra og leika...

Frelsi - sjálfstæði, frjálsræði, valmöguleikar



Meira um uppbyggingu í næsta fréttabréfi.

Nemendaböll í desember

10. bekkingar hafa skipulagt dansleiki í sal skólans. Þar verður meðal annars farið í:

- ásadans
- limbó
- hókí póki
- stoppdans
- o.fl. skemmtilegt



Áætlað er að ávöxtur, safi og smá nammigott verði innifalið í aðgangseyri sem verður 500 kr.

Fimmtudagur 4. desember

kl.16—18 fyrir **1. - 4. bekk**

Þriðjudaginn 16. desember

kl. 17 - 18:30 fyrir **5. - 7. bekk**

Sjáumst hress og kát á ballinu!
10. bekkingar



Í skólanum er unnið eftir Olweusar áætlun gegn einelti. Hér koma nokkrir punktar:

- Mánaðarlegir fundir eru haldnir með öllu starfsfólki og fulltrúum starfsfólks í Íþróttahöll og Sundlaug Akureyrar.
- Farið er í gegnum eineltisáætlun skólans og hún endurskoðuð og lagfærð.
- Myndbönd skoðuð um birtingu eineltis og rætt og lesið um hvernig þekkja má einelti.
- Við veltum því fyrir okkur hvenær ærslafullur leikur verður að einelti.
- Viðbrögð við einelti eru afar mismunandi, en fyrst eftir að grunur vaknar um einelti fer af stað könnunarferli. Eftir það er tekin ákvörðun um aðgerðir.
- Bekkjarfundir eru nýttir til að bæta skilning nemenda á einelti og alvarleika þess.
- Allir foreldrar fengu á haustdögum afhenta handbók um Olweusaráætlunina gegn einelti og vonum við að hún komi að góðum notum.



Djöflaeyjan

9. bekkingar hafa unnið frábært bókmenntaverkefni tengt Djöflaeyjunni eftir Einar Kárason.



Nemendur lásu söguna og gátu síðan valið ólík verkefni: að gera líkan af sögusviðinu, skrifa kynningu á skyggjur, gera teiknimyndarsögu eða stuttmynd. Afrakstur vinnunnar er til sýnis á skólasafninu okkar og eru foreldrar hvattir til að líta við í kaffibolla og skoða afraksturinn. Skemmtilega unnið verkefni hjá krökkunum sem vekur athygli þeirra sem eiga leið um.



Eldvarnarfræðsla

Eldvarnarfræðsla fer fram fyrir 3., 7., og 8. bekk nú í desember. Rætt er við nemendur um helstu hættur og forvarnir gegn eldsvoða og þeim kynnt helstu öryggistæki sem ættu að vera til staðar á heimilum.

Takk fyrir komuna!

